

Sp.

209. Nefndarálit

[117. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Eins og ljóst kom fram í þeim umræðum, sem urðu á árunum 1960—62, þegar rætt var um hugsanlega samninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, hefur Framsóknarflokkurinn verið þeirrar skoðunar, að til þess mundi koma fyrr eða síðar, að Ísland þyrfti að taka upp meiri fríverzlunarstefnu en fylgt hefur verið til þessa, m. a. með sérstökum viðskipta- og tollasamningi við efnahagsbandalögin í Evrópu. Þetta yrði þó því aðeins fært, að iðnaðurinn væri undir það búinn að heyja aukna samkeppni á slíkum vettvangi. Í samræmi við það flutti Framsóknarflokkurinn tillögu um það á Alþingi 1960, að mörkuð yrði sérstök iðnþróunarstefna og iðnaðurinn eflður og styrktur á þeim grundvelli. Á öllum þingum síðan hefur Framsóknarflokkurinn flutt margar tillögur, sem hafa miðað að því að efla iðnaðinn og tryggja honum jafnræðisstöðu við landbúnað og sjávarútveg. Nær allar þessar tillögur hafa verið felldar eða svæfðar. Furðulitlar framfarir hafa því orðið hér í iðnaði á áratugnum 1960—70, enda þótt þessi áratugur hafi nær hvarvetna annars staðar orðið stórfelldasti framfaratíminn í iðnaðarsögunni. Svo mjög skorti á það, að hérlendir valdhafar hefðu á þessum tíma nægan skilning á gildi iðnaðarins og nauðsyn þess, að Íslendingar fylgdust að með öðrum þjóðum á þessu sviði.

Sökum þessa sinnuleysis og skilningsleysis valdhafanna og örðugrar aðstöðu iðnaðarins vegna þess töldu framsóknarmenn ekki tímabært á síðasta þingi, að Ísland sækti um aðild að Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Hér þyrfti áður að marka ákveðna iðnþróunarstefnu og gera margþættar ráðstafanir til þess að búa iðnaðinn þannig í stakk, að hann gæti staðið sig í samkeppni við iðnað EFTA-landanna.

Eftir að Alþingi hafði, þrátt fyrir þessa viðvörun framsóknarmanna, ákveðið að sækja um aðild að EFTA, lögðu þeir fram bæði á Alþingi og í EFTA-nefndinni tillögur um, að þegar yrði hafizt handa um að marka ákveðna iðnþróunarstefnu og undirbúa margháttáðar ráðstafanir til stuðnings og eflingar iðnaðinum, m. a. með stórfelldri lækkun tolla á hráefnum og vélum til iðnaðarins, bættri aðstöðu í lánsfjármálum o. s. frv. Eins og fyrri daginn voru þessar tillögur Framsóknarflokksins svæfðar og ekkert raunhæft gert til að tryggja stöðu iðnaðarins frá því, sem áður var.

Þessi mál eru því enn í sömu sporunum og fyrir ári. Iðnaðurinn er ekki á neinn hátt betur undir það búinn að mæta harðnandi samkeppni á innlendum eða erlendum markaði en hann þá var. Meðan svo háttar til, gilda fullkomlega þau ummæli Guðmundar Magnússonar prófessors í EFTA-skýrslu hans, að það er hægara að sjá hverju við sleppum, en hvað við hreppum við aðild að fríverzlunarbandalagi.

Því aðeins getur fríverzlun orðið til góðs, að rekin sé skynsamleg og markviss iðnaðarstefna og kröftugar ráðstafanir gerðar til eflingar atvinnurekstrinum. Enn bólar ekki neitt á slíkum aðgerðum hjá ríkisstjórninni. Að óbreyttri slíkri stefnu verða Íslendingar vanmegnugir þess að notfæra sér EFTA-markað og standast

EFTA-samkeppni á heimamarkaði hér. Stefnubreytingar í þessum efnunum er ekki að vænta hjá núverandi stjórn, því að við 10 ára vanrækslu bætist, að hún hefur í mörgu sýnt vantrú sína á íslenskt framtak, en oftrú á erlenda forsjá. Hún er því til einskis líklegri en að kalla útlendinga til og fela þeim atvinnureksturinn í vaxandi mæli í stað þess að taka upp öflugt forustustarf til stuðnings íslensku framtaki.

Af þátttöku í EFTA hljótast svo miklar breytingar á þjóðarbúskapnum, að endurskoða þarf flesta þætti hans með hin nýju viðhorf í huga. Þar undir kemur sjálfur ríkisbúskapurinn og tekjuöflunin til hans og þá um leið áhrif hennar á tekjuskiptinguna og lífskjör almennings. Allt tolla- og skattakerfið þarfnast af þessum ástæðum allsherjar endurskoðunar, sem hefði m. a. gagnger áhrif á stöðu atvinnuveganna og einstakra starfsgreina til að standast erlenda samkeppni. Þetta mikilvæga starf hefur verið alveg vanrækt og stefnt að því einu að hækka í skyndi söluskattinn jafnt á öllum vörum, lífsnauðsynjum sem óþarfavarningi.

Þá er mikil hættu fólgin í því, að ríkisstjórnin virðist algerlega einsýn í markaðsmálum og virðist hvergi eygja neina markaðsmöguleika nema í EFTA-löndunum. Einkum hefur viðskiptamálaráðherra lagt kapp á þennan þröngsýna og skammsýna boðskap. Augu ríkisstjórnarinnar virðast alveg lokuð fyrir því, að 70% af útflutningi Íslands fer til annarra landa en EFTA-landa og að í þessum löndum eru álitlegastir markaðir fyrir ýmsar íslenskar iðnaðarvörur. Það er í samræmi við þetta þröngsýna sjónarmið, sem verndartollar eiga aðeins að lækka á vörum frá EFTA-löndum. Af þessu stafar sú hættu, að viðskipti okkar einangrist um of við EFTA-löndin og örðugra verði að ryðja íslenskum útflutningvörum braut utan þeirra. Ef Íslendingum á að farnast vel, verða þeir að leita markaða sem allra víðast, en mega ekki stefna að því að binda nær öll viðskipti sín við lönd, þar sem aðeins $\frac{1}{3}$ hluti mannkynsins býr.

Þá er af hálfu ríkisstjórnarinnar fluttur nú sá boðskapur, að Íslendingar eigi að hraða sér inn í EFTA til þess að verða samferða hinum EFTA-löndunum í samningum við Efnahagsbandalagið, sem eru á næsta leiti, að því er bezt verður séð. Flest bendir til, að þetta geti orðið Íslandi mjög óhagstætt, þar sem Íslendingar þurfa að ná allt öðrum samningum við Efnahagsbandalagið en EFTA-löndin sökum sérstöðu sinnar, en hætt er við, að slíkir samningar náist síður, ef semja ætti í einu lagi fyrir EFTA-löndin eða búið væri að tengja sig þeim með aðild rétt áður en EFTA leystist upp.

Loks er þess að geta, að ekki hafa fengizt afdráttarlausar undanþágur frá atvinnurekstrarákvæðum 16. greinar og aðlögunartíminn á aðeins að verða 10 ár, en framsóknarmenn hafa lagt áherzlu á, að hann yrði lengri. Þótt ekki hafi fengizt skýrari undanþágur við 16. greinina, hyggst ríkisstjórnin ekki að hafa neinn fyrirvara um hana við undirritun samningsins.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, og raunar ýmsum fleiri, teljum við undirritaðir, að ekki sé tímabært að taka nú afstöðu til tengsla við EFTA, og leggjum því til, að þingsályktunartillögunni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með sérstöku tilliti til þess, að enn hefur ekki verið gerð íslensk iðnþróunar-áætlun, sem feli í sér aðlögun að fríverzlun við önnur lönd, né viðhlítandi áætlun um aðra þætti þjóðarbúskaparins við slík skilyrði, og með því að fríverzlun sú, sem kostur er á, er ekki aðkallandi nauðsyn vegna útflutnings, eins og hann er nú, telur þingið rétt, að frestað verði að taka ákvörðun varðandi afstöðu Íslands til Fríverzlunarsamtaka Evrópu, en nú þegar hafizt handa um nauðsynlegar áætlunargerðir og málið kynnt þjóðinni sem bezt, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1969.

Þórarinn Þórarinsson, Eysteinn Jónsson.
frsm.